

Frá: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Dags: 21.2.2020 12:54:35

Til: USK þjónustu netfang

Efni: Fw: BORGARRÁÐ 20. febrúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ástand Fossvogsskóla og heilsu skólabarna - R20020201

Tilvísun í mál: R20020201

Sæl

Meðfylgjandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ástand Fossvogsskóla og heilsu skólabarna er send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar. Óskað er eftir að umsögn berist borgarráði innan þriggja vikna.

Kveðja,

Ólöf Magnúsdóttir

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhús Reykjavíkur

s. 411 4703

olof.magnusdottir@reykjavik.is

R20020201

BORGARRÁÐ 20. febrúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ástand Fossvogsskóla og heilsu skólabarna - R20020201

BORGARRÁÐ 20. febrúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ástand Fossvogsskóla og heilsu skólabarna - R20020201

Flokkur fólksins óskar eftir að spyrja um stöðu húsnæðismála í Fossvogsskóla. Þar kom aftur upp leki í nóvember þar sem yngstu börnin eru og aftur eru komin upp alvarleg veikindi. Börn eru ítrekað að veikjast og ekki næst samband við Heilbrigðiseftirlitið til að gera alvöru mælingar. Er þetta komið út í það að borgin axli ekki lengur ábyrgð og að foreldrar og foreldrafélag verði að taka málið í eigin hendur, kaupa mælingar sjálf. Foreldrar eru ekki tilbúnir að fórna heilsu barna sinna degi lengur á meðan borgarmeirihlutinn stingur hausnum í sandinn og lætur sem ekkert sé. Að minnsta kosti 7 börn sýna einkenni nú og einhverjir af foreldrum og kennurum. Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur áhyggjur af ástandinu þarna og hvað skóla- og frístundaráð og Heilbrigðiseftirlitið er lengi að taka við sér og lætur eins og vandinn sé jafnvel bara léttvægur? Þetta er í það minnsta upplifun borgarfulltrúa Flokks fólksins.



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Vísað er til erindis Skrifstofu borgarstjórnar dags. 21. febrúar 2020 um tillögu Flokks fólksins um að gerð verði fagleg úttekt á loftgæðum í Fossvogsskóla – mál R20020201.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) gerir eftirfarandi umsögn um það sem kemur fram í tillögunni og er á færi HER að svara.

Í byrjun vill HER taka það fram að eftirlitið lítur mjög alvarlegum augum, órökstuddar aðdróttanir og dylgjur áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um starfsheiður og starfsfólk HER. Aðdróttanirnar ganga einnig svo langt að þær ná yfir mælitæki embættisins. Heilbrigðisfulltrúar HER eru með menntun skv. reglugerð um menntun og skyldur heilbrigðisfulltrúa nr. 571/2002. Heilbrigðisfulltrúar HER eru með menntun á sviði raunvísinda og er menntunarstig hátt og mikil breidd í þekkingu. Skylda hvílir á heilbrigðisfulltrúum að halda við þekkingu sinni og er það einnig gert varðandi, loftgæði sem og annað er varðar innivist s.s. leka og raka í húsnæði. HER fylgist með og fer að leiðbeiningum Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar og samræmdum leiðbeiningum Umhverfisstofnunar á landsvísu um allt sem viðkemur raka og leka í húsnæði. Einnig er fylgst með rannsóknum á þeim vettvangi sérstaklega. Heilbrigðiseftirlit eru það embætti sem metur húsnæði heilsuspillandi eða ekki, en leikmenn sem halda fram að eitthvað sé í ólagi og jafnvel ósýnilegt. Um störf HER gilda stjórnarsýslulög s.s. að rannsaka mál, gæta meðalhófs, jafnræði og öðru því sem einkennir vandaða stjórnarsýslu. Mælitæki HER eru keypt m.t.t. þess sem þau eiga að mæla og þjónustuð og kvörðuð skv. stöðlum þar um. Öllum erindum sem koma til HER er svarað, þau rannsökuð eða meðhöndluð eftir því hvað er um að ræða og þau skráð skv. verklagi þar um.

Hvað varðar eftirlit með húsnæði hvort sem það er hjá starfsleyfisskyldum fyrirtækjum eða íbúðarhúsnæði, þá fer það skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerðar byggða á lögunum nr. 941/2002 um hollustuhætti. Heilbrigðisfulltrúar hafa víðtæka þekkingu á málaflokknum innivist sem öðrum og þeim er falið að framfylgja í umboði heilbrigðisnefndar/umhverfis- og heilbrigðisráði.

Tillagan fjallar um kröfu áheyrnarfulltrúans á faglegri úttekt á loftgæðum í Fossvogsskóla. Eins og fram hefur komið hér á undan þá er það HER sem gerir faglegar og óháðar úttektir á skólahúsnæði. Það er gert í reglubundnu eftirliti með skólanum sem og eftirfylgni eftir því sem við á. Varðandi Fossvogsskóla þá er skólinn skv. síðasta eftirliti HER í góðu ásigkomulagi og ekkert sem bendir til annars en að loftgæði séu góð. Skólayfirvöld sem og framkvæmdaaðilar hafa staðið sig vel, við erfiðar aðstæður, að bæta úr því sem þurfti og er því verki nánast lokið.

Að lokum vill HER taka fram að framsetning áheyrnarfulltrúans varðandi eitt og annað í tillögunni byggð á mati hans og upplifunum, án nokkurar þekkingar á málaflokknum, eru að öðru leiti ekki svaraverðar, en er því miður til þess fallnar að valda óróleika og óþarfa hræðslu.

Reykjavík 28. febrúar 2020


Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri